

**1959 nr. 41 23. maí****Lög um byggingarsjóð Listasafns Íslands**

Tóku gildi 31. júlí 1959. Breytt með: L. 126/2011 (tóku gildi 30. sept. 2011).

Ef í lögum þessum er getið um ráðherra eða ráðuneyti án þess að málefnasvið sé tilgreint sérstaklega eða til þess vísað, er átt við **menningar- og viðskiptaráðherra** eða **menningar- og viðskiptaráðuneyti** sem fer með lög þessi.

**■ 1. gr.**

Stofna skal byggingarsjóð Listasafns Íslands. Stofnfé

sjóðsins er það fé, sem Alþingi hefur lagt fram til að byggja vinnusal og íbúð fyrir Jóhannes Sveinsson Kjarval, listmálara.

**■ 2. gr.**

Þangað til bygging húss fyrir Listasafn Íslands hefst, skal sjóðurinn varðveittur og ávaxtaður í Landsbanka Íslands.

[Ráðuneytið]<sup>1)</sup> birtir árlega í Stjórnartíðindum eða Lögbirtingablaði endurskoðaðan ársreikning sjóðsins.

<sup>1)</sup> L. 126/2011, 30. gr.